

7. gr.

Matsmönnum er skylt að gefa yfirmatsmanni skýrslu um fisk þann er matsmaðurinn hefur metið eða haft umsjón með.

Matsmaður gefur út vottorð í samræmi við fyrirmæli yfirmatsmanns.

8. gr.

Matsmanni er skylt að framkvæma störf yfirmatsmanns, er yfirmatsmaður kveður hann til þess í forföllum sínum eða fjarveru, enda beri honum þóknun fyrir.

9. gr.

Ef matsmaður þarf vegna starfa sinna að takast ferð á hendur út fyrir þann stað, er hann á heimilisfang í, fær hann greiddan ferða- og dvalarkostnað samkvæmt reglum fjármálaráðuneytisins þar að lútandi.

10. gr.

Matsmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá nokkru því, sem leynt á að fara og þeir hafa fengið vitneskju um í starfi sínu.

11. gr.

Matsmenn eru skyldir til að sætta sig við þær breytingar sem gerðar kunna að vera á erindisbréfi þessu.

Hér með er úr gildi fellt erindisbréf fyrir fiskmatsmenn nr. 141 13. mars 1950.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. janúar 1978.

Matthías Bjarnason.

Steinunn M. Lárusdóttir.

REGLUGERÐ

um skelfiskveiðar.

1. gr.

Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin hverju sinni, skulu skelfiskveiðar vera bannaðar nema að fengnu sérstöku leyfi ráðherra.

2. gr.

Skelfiskveiðileyfi verða bundin við ákveðin svæði þannig:

1. Suðvesturland frá Ingólfshöfða allt að Öndverðarnesi.
2. Breiðafjörður frá Öndverðarnesi að Bjargtöngum.
3. Vestfirðir frá Bjargtöngum að Hornbjargi.
4. Norðurland frá Hornbjargi að Fonti á Langanesi.
5. Austurland frá Fonti á Langanesi allt að Ingólfshöfða.

Hið ytra takmarkast öll þessi svæði af landhelgislinunni.

3. gr.

Ráðherra bindur leyfin þeim skilyrðum, sem honum þykir þurfa að fengnu álitni Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands og einnig getur hann með leyfunum skipt svæðunum í 2. gr. niður í smærri einingar.

4. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða, Hafrannsóknastofnunin og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins skulu hafa samvinnu um að gera heilnæmisúttektir á skelfiskveiðisvæðum. Ekki þarf þó að svo stöddu að gera slíkar úttektir á hörpudiskveiðisvæðum. Ofangreindar stofnanir skulu halda til haga skjalasafni um þátt hvernar þeirra við slíkar úttektir og um heildarniðurstöður.

Ef ágreiningur ris milli þessara stofnana um aðild hvernar um sig að heilnæmisúttektum þessum, eða um önnur atriði í þessu efni, skal ráðuneytið úrskurða um slík atriði.

5. gr.

Við heilnæmisúttektir skv. 4. grein skal hafa hliðsjón af kröfum þeim, sem gerðar eru í þessu efni samkvæmt sérstökum samningum eða samkomulagi, sem gert er við innflytjendur eða stjórnvöld í því landi eða löndum, sem skelfiskurinn skal fluttur til.

6. gr.

Ráðherra gefur ekki út veiðileyfi til skelfiskveiða skv. 1. grein, annarra en hörpudiskveiða, nema á þeim veiðisvæðum, sem heilnæmisúttekt hefur farið fram á, og getur bundið leyfin þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

Ef niðurstöður heilnæmisúttektar eru þær, að ekki skuli leyfa skelfisktöku á ákvæðnum stöðum, þá verða veiðar ekki leyfðar á þeim stöðum og þeir auðkenndir í veiðileyfum fyrir viðkomandi veiðisvæði.

7. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari eða veiðileyfum útgefnum samkvæmt henni, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sviptingu veiðileyfis eða sektum samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins eða ákvæðum 17. gr. laga nr. 108 31. desember 1974 um Framleiðslueftirlit sjávarafurða eða ákvæðum laga nr. 12 25. apríl 1975 um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins, 2. gr. laga nr. 108 31. desember 1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða og lögum nr. 12 25. apríl 1975 um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar, sem háðar eru sérstökum leyfum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 43 6. mars 1972 um skelfiskveiðar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. febrúar 1978.

Matthías Bjarnason.

Þórður Ásgeirsson.